



Ársskýrsla
2024
Íþróttafélagið Undri



Aðalfundur félagsins var haldinn 26. mars 2025 í Vínlandssetrinu í Búðardal. Fundurinn var boðaður með tilskyldum hætti þar sem ársskýrsla stjórnar og ársreikningar voru lagðir fyrir og samþykktir.

Stjórn félags

Formaður: Guðrún B Blöndal kt. 0805893289

Gjaldkeri: Berghildur Pálmadóttir kt.1101862829

Ritari: Svanhvít Lilja Viðarsdóttir kt. 1012913169

Varamaður: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir kt.0107933359

Iðkendafjöldi

Vorönn 2024: 68

Sumarönn:

- Leikjanámskeið: 29
- Æfingar: 33

Haustönn 2024: 44

Flokkar og þjálfaramál

Fótbolti

Þjálfarar: Sindri Geir Sigurðarson og Grétar Jónatan Pálmason.

Flokkar: 1.-4. bekkur og 5.-7. bekkur.

Iðkendafjöldi: 10.

Æfingatímabil: Apríl – júlí.

Badminton

Þjálfari: Íris Dröfn Brynjólfsdóttir

Flokkar: 1.-4. Bekkur, 5.-7. Bekkur og 8.-10. Bekkur.

Iðkendafjöldi vor/haust: 31/31.

Æfingatímabil: Janúar - apríl og september – nóvember



Handbolti

Þjálfari: Sara Kristinsdóttir og Svanhvít Lilja Viðarsdóttir

Flokkar: 1.- 4. bekkur og 5. – 10. bekkur.

Iðkendafjöldi vor/haust: 18/14

Æfingartímabil: Febrúar - maí og september – desember.

Íþróttaskóli

Íþróttaskóli eða hreyfistund var í boði á laugardögum þegar sundlaugun var opin á vorönn.

Þjálfarar: Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir og Guðrún B. Blöndal.

Börn á leikskólaaldri gátu komið ásamt foreldrum/forsjáraðila og spriklað í salnum.

Þrautabrautir, boltaleikir og leikir settir upp.

Heldri borgarar:

Þjálfari: Pálína Kristín Jóhannsdóttir

Iðkendafjöldi vor/haust: 16/12.

Æfingartímabil: Heldri borgarnir okkar æfðu með Línu 2x í viku í ræktarsalnum í Búðardal bæði á haustönn og vorönn. Mikil ánægja hefur verið með æfingarnar og þjálfarann.



Námskeið

Tveggja helga sundnámskeið var haldið á Laugum í apríl. Kennari var Guðmundur Júlíusson og 38 þátttakendur sóttu námskeiðið og heppnaðist það vel. Hér fyrir neðan má sjá aldursskiptingu hópa og fjölda þátttakenda í hverjum aldurshóp fyrir sig:

4-6 ára: 12 7-8 ára: 7 9-10 ára: 4 11-13 ára: 9 14 ára og eldri: 6





Starf félagsins/deildarinnar

Æfingar

Æfingar á vorönn voru mjög vel sóttar og var mikill áhugi meðal iðkenda. Frístundabíllinn kom áfram vel út og voru börn og unglingar dugleg að nýta bílinn. Stefnt var að því að halda fimleikanámskeið með Guðmundi Kára en ekki náðist næg skráning.

Fótboltaæfingar yfir sumartímamann voru vel sóttar í júní enda tengdar við dagskrá leikjanámskeiðs, í júlí dró verulega úr mætingu.

Boðið var upp á íþróttagrunn/frjálsar á meðan á leikjanámskeiði stóð og voru þær æfingar vel sóttar. Guðbjört Lóa bauð einnig upp á frjálsíþróttæfingar fyrir Landsmót. Voru samtals fjórar æfingar sem iðkendur gátu sótt til að æfa sig fyrir landsmótið og fá leiðbeiningar.

Æfingar á haustönn voru vel sóttar. Þar sem ekki var hægt að bjóða upp á fótboltaæfingar vegna þess að ekki fékkst þjálfari hafði félagið milligöngu um samstarf við Skallagrím í Borgarnesi og sóttu einhverjir iðkendur æfingar þangað. Eins hafði félagið milligöngu um samstarf við Fimleikafélag Akraness og stóð iðkendum til boða að sækja æfingar þangað.

Mót sem farið var á

Smábæjarleikarnir fóru fram 14. og 16. júní á Blönduósi. Alls fóru sjö keppendur á vegum Undra úr 6. flokki. Spilaður var fimm manna bolti. Mótið gekk vel, keppendur voru ánægðir með framfarir og árangur og lönduðu sigri í sínum styrkleikaflokki.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um Verslunarmannahelgina og átti Undri nokkra þátttakendur þar.

Króksmótið fór fram 9. og 10. ágúst á Sauðárkróki og er keppt í fimm manna liðum í 6. flokki. Alls fóru sjö keppendur frá Undra. Mótið gekk vel og keppendur stóðu sig með þryði.

Gæðabaksturmótið fór fram 31. ágúst og 1. september í Mosfellsbæ. Spilað var með hefðbundnu hraðmótsfyrirkomulagi, sem er fimm manna bolti. Eitt lið frá Undra í 6. flokki fór á mótið. Mótið gekk vel og keppendur voru ánægðir.



Leikjanámskeið

Tímabil: Fjórar vikur í júní

Fjöldi iðkenda: 29

Starfsmenn: Kristín Frímansdóttir og Jóhanna Vigdís Pálmadóttir.

Námskeiðið var haldið í Búðardal, með aðsetur í Dalabúð. Aftur var boðið upp á tómsundabíll á námskeiðið og var hann vel nýttur. Boðið var upp á ávexti í morgunkaffinu og heitann mat í hádeginu. Meðal þess sem á dagana dreif á námskeiðinu voru fjöruferðir, smíðaverkefni, fönður og fleira. Innan dagskrár leikjanámskeiðs voru æfingar í dalnum tvo daga í viku, íþróttagrunnur/frjálsar og fótboldi.





Framkvæmdir

Félagið fór ekki í neinar framkvæmdir á árinu.

Rekstur félags

Þetta er annað árið sem Undri fær úthlutað Lottó greiðslum og hefur það mikið að segja fyrir lítið félag eins og okkar. Æfingagjöld voru kr. 17.000 á vorönn og 18.000 kr. á haustönn. Kostnaður fyrir hvern þáttakandi á námskeiðum er enn breytilegur en þó í samræmi við gjald sem þjálfarar taka fyrir námskeiðishald. Við hlutum styrk til búnaðarkaupa frá DalaAuði sem nýttist vel. Við leggjum okkur fram við að vera með eitthvað í boði fyrir öll og halda gjaldtöku í lágmarki.

Framtíðarsýn

Undri er áfarm félag í vexti og eru forsendur okkar mjög breytilegar og háðar iðkendum og mannauði í samfélaginu. Félagið er með skýra framtíðarsýn. Við stefnum á að halda úti enn öflugra íþróttastarfi á komandi árum. Þegar starfsemi okkar verður komin í nýja íþróttamiðstöð í Búðardal vonum við að starf okkar verði enn öflugra og hægt verði að bjóða upp á fleiri æfingar í viku í fjölsóttum greinum. Okkur langar að festa íþróttaiðkun enn betur í sessi í Dalabyggð og geta haldið úti skipulagðri starfsemi fyrir alla aldurshópa. Eins og fyrri ár, stöndum við frammi fyrir áskorunum þegar kemur að þjálfurum. Ekki fást alltaf þjálfarar til að vera með þær greinar sem okkur langar að geta boðið upp á en við reynum að vera á tánum hvað varðar mannauð og samstarf við önnur íþróttafélög. Við erum með stóra drauma og vonandi rætast þeir allir! Áfram Undri!

Annað sem á við

Undri hélt áfram að bæta við eign sína á búnaði. Við fjárfestum í handboltum af nokkrum stærðum ásamt því að kaupa búnað fyrir badmintonið.



Lokaorð

Íþróttafélagið Undri hefur vaxið og dafnað síðan það var stofnað. Félagið er ýmsum takmörkunum háð fyrir það að vera í litlu sveitarfélagi. Svo sem framboði á íþróttagreinum, þjálfurum og iðkendafjölda. Markmið félagsins er þó að bjóða upp á eins fjölbreytt starf og kostur er hverju sinni þannig að öll geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Hvort sem um er að ræða að fá inn þjálfara fyrir fastar æfingar, þjálfara með dagsnámskeið, helgarnámskeið eða lengra námskeið eða að gera samninga við önnur félög um að iðkendur okkar geti sótt æfingar í vissum greinum hjá þeim. Með því að gera samninga við önnur félög greiðum við leið iðkenda okkar til þess að geta sótt þær æfingar sem þeir hafa áhuga á annars staðar þó það sé svo í höndum foreldra hvort barn getið sótt æfingar út fyrir sveitarfélagið eða ekki. Við viljum sjá öflugt og fjölbreytt íþróttastarf í heimabyggð og því vill Undri leggja sitt af mörkum til að gera það kleift.

Dalabyggð, 26. mars 2025

Guðrún B. Blöndal

Berghildur Pálmadóttir

1170Svanhvít Lilja Viðarsdóttir